

**Sp.**

**66. Fyrirspurnir.**

[63. mál]

I. Til viðskiptaráðherra um styrktaraðgerðir við iðnað í viðskiptalöndum okkar.

Frá Guðmundi G. Þórarinssyni.

1. Hvað líður störfum nefndar, sem átti að kanna til hvaða styrktaraðgerða hafi verið gripið í húsgagnaiðnaði í fríverslunarbandalagslöndum okkar?
2. Hvað hyggst ríkisstjórnin gera í vanda húsgagna- og innréttingaiðnaðarins?

II. Til samgönguráðherra um örbylgjustöðvar á Skaga og í Grímsey.

Frá Halldóri Blöndal og Lárusi Jónssyni.

1. Verður örbylgjustöð fyrir fiskibáta í Húnaflóa, sem nú er verið að reisa hjá Tjörn á Skaga, rekin og tengd við Siglufjörð?
2. Ef svo er ekki, hvaða ástæður valda því?
3. Hvaða áætlanir eru uppi um endurbætur á örbylgjustöð í Grímsey?

III. Til landbúnaðarráðherra um ráðstafanir vegna harðinda norðanlands.

Frá Halldóri Blöndal og Lárusi Jónssyni.

1. Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að meta:
  - a) Tjón kartöflubænda við Eyjafjörð?
  - b) Afurðatjón vegna harðindanna í haust?
  - c) Annað tjón vegna harðindanna í haust?
2. Hvenær er þess að vænta, að niðurstaða fáiist?
3. Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að Bjargráðasjóður geti hlaupið undir bagga í samræmi við hlutverk hans og tilgang, eins og lög segja til um?